

# edru

SÁÁ BLAÐIÐ



1. TÖLUBLAÐ - 14. ÁRGANGUR - MAÍ 2015

## Álfasala SÁÁ 6.-10. maí

- Þúsund sölumenn um land allt - bls. 3

### Grímur Atlason:

- Ég drakk og ég fann ró - bls.4

### Ásgerður Th. Björnsdóttir:

- Söfnunarfé greiðir 20% af sjúkrakostnaði SÁÁ - bls. 6-7

### Hvers vegna kaupa þau Álfinn?

- bls. 2-6





SÁÁ blaðið

edru

1. tbl. 2015.

Útgefandi:

SÁÁ - Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.

Ábyrgðarmaður:

Arnbjörn Jónsson

Ritstjóri:

Pétur Gunnarsson

Ljósmyndir:

Spessi

Forsíða:

Dalli/D23

Umbrot:

Fréttatíminn

Forsíða:

23 auglýsingastofa/Dalli

Prentun:

Ísafoldarprentsmiðja

Skráðu þig í SÁÁ

Þinn stuðningur skiptir miklu máli!

SÁÁ – Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann – eru félags-samtök sem starfa að réttindamálum áfengis- og vímuefnasjúklinga og aðstandenda þeirra.

Með því að gerast félagi í SÁÁ styður fólk við alla þætti starfseminnar. Ekki aðeins með greiðslu félagsgjalda heldur með því að láta sig þessa starfsemi varða, fylgjast með henni og taka þátt í uppbyggingu hennar.

Skráðu þig í SÁÁ á heimasíðunni, saa.is. Félagsgjald er 6.000 krónur á ári. Hægt er að greiða með greiðslukorti 500 krónur á mánuði eða meira eða beingreiðslum.

Vertu með í SÁÁ - fjölskyldunni.

”



Ég kaupi Álfinn af því að ég veit að það kemur til með að bjarga lífum. Margt smátt gerir eitt stórt.

Agnis Ýr Stefánsdóttir

Pistill formanns

# Álfurinn leysir fólk úr fjötrum

Um 80% af sjúklingum sem leggjast inn á geðdeildir eru börn alkóhólísta. Börn, sem eru hætt að vera börn og hafa búið í flóknu og sjúku umhverfi þar sem áfengisneysla litar allar skemmtanir, tyllidaga og viðburði og jafnvel daglegt líf þessara barna ár eftir ár.

**F**rægasti hluti sjálfstæðis-yfirlýsingar Bandaríkjanna er inngangur hennar. Þar er skrifað að sjálfgefið sé (e. self-evident) að allir menn séu skapaðir jafnir og að skapari þeirra hafi gefið öllum mönnum óafsalanleg réttindi til frelsis, hamingjuleitar og lífs.

Þegar þessi fræga yfirlýsing var samin og undirrituð af landsfeðrum Bandaríkjanna árið 1776, var þrælshald í landinu almennt og sjálfir héldu landsfeðurnir ófrjálsa, hamingjusnauda og rétttræpa þræla.

Sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna markaði engu að síður þáttaskil í lýðveldissögunni, ekki aðeins þar vestra, heldur hafði hún einnig mikil áhrif hjá öðrum þjóðum.

Það er erfitt að gera sér í hugarlund hvernig er að vera manneskja sem gengur kaupum og sölum - ófrjáls og hamingjusnaður þræll. En það er líka mjög snúið að setja sig í spor þrælshaldara sem sömdu yfirlýsingu um að allar manneskjur hefðu sama rétt til frelsis og lífshamingju. Mótsögnin er svo

furðuleg og fordómarnir stækir.

Í okkar fallega landi eigum við stjórnarskrá þar sem er svohljóðandi yfirlýsing um mannréttindi: „...allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.”

Setjum okkur í spor íslenskra barna - þeirra sem fæðast inn í óheppilegar og jafnvel óbærilegar aðstæður. Barna sem alast upp við óöryggi og stöðugan ótta og kvíða. Föst í heimilisaðstæðum þar sem er vímuefnaneysla og lítill stuðningur til góðra verka. Börn sem fá ekki sömu tækifæri og aðrir. Börn sem verða ráðvillt ungmenni og flosna líklegast upp úr skóla og eru félagslega ver stödd en jafningjarnir. Hvaða ófrjálsu ungmenni ætli þetta séu? Er hægt að finna þau og hjálpa þeim? Njóta þau raunverulega mannréttinda samkvæmt stjórnarskránni?

„Fíknsjúkdómar eru mjög alvarlegt vandamál í okkar samfélagi sem við höfum vanmetið. Þeir eru mjög arfgengir og ganga mann fram



af manni í sumum fjölskyldum,” segir Kári Stefánsson, læknir og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Nákvæmlega!

Um 80% af sjúklingum sem leggjast inn á geðdeildir eru börn alkóhólísta. Börn, sem eru hætt að vera börn og hafa búið í flóknu og sjúku

## Um þúsund manns selja Álfinn um land allt

Íþróttafélög, skátar og skólahópar setja svip á álfa-söluna sem fram fer 6.-10. maí og nota sölulaunin til að fjármagna keppnis- eða útskriftarferðir. Þetta er í 26. skiptið sem Álfurinn er seldur í fjáröflunarskyni fyrir SÁÁ. Þorkell Ragnarsson er sölustjóri í ár eins og undanfarin ár. Hann var með í fyrstu álfasölnunni og hefur tekið þátt í þeim öllum, oft sem sölustjóri en alltaf að minnsta kosti sem kaupandi.

**U**m þúsund manns um land allt munu vinna með okkur við álfasölu SÁÁ 6.-10. maí, segir Þorkell Ragnarsson, sem stjórnar skipulagningu sölu-

starfsins í samstarfi við Hilmar Kristensson. Það má segja að Þorkell og Hilmar séu bestu vinir Álfsins, Hilmar hefur safnað öllum álfum frá upphafi og margoft stýrt

sölustarfinu og Þorkell hefur líka alltaf verið með; þau ár sem hann hefur ekki unnið við að selja hefur hann að minnsta kosti tekið þátt með því að kaupa Álf til að styrkja SÁÁ.

**Gengið í hús og selt við verslanir og fjölfarna staði**

Þorkell hefur lengi tengst SÁÁ og var með þegar fyrsta álfasalan fór fram árið 1990. Á tíunda áratugnum stýrði hann sölnunni í Breiðholti ásamt hópi frá knattspyrnufélagi SÁÁ þar sem hann var þjálfari og leikmaður á þeim tíma. Keli, eins og hann er kallaður, starfaði sem áfengisráðgjafi hjá SÁÁ á árunum 1995 til 1998 og þá voru önnur verkefni lögð til hliðar þegar Álfurinn kallaði því stjórnendur samtakanna vildu hafa Kela á vaktinni þar sem verið var að selja Álfinn.

Sölufólkið vinnur með sama hætti um allt land; sumir ganga í hús en aðrir eru við verslanamiðstöðvar og aðra fjölfarna staði og bjóða Álfinn til sölu. Duglegt sölu-fólk sem starfar á fjölmennu eða fjölförnu svæði getur auðveldlega selt nokkur hundruð Álfa frá miðvikudegi til sunnudags og sölu-launin fyrir hvern seldan Álf eru 400 krónur. Fólk getur haft góðar tekjur þá fimm daga sem sölustarfið stendur yfir.

**Sölumenn oft í fjáröflun fyrir keppnisferðir**

Þorkell minnr á að þeir sem kaupa Álfinn séu ekki aðeins að leggja





umhverfi þar sem áfengisneysla litar allar skemmtanir, tyllidaga og viðburði og jafnvel daglegt líf þessara barna ár eftir ár.

Börn eru ofurnæm fyrir umhverfi sínu og ættu foreldrar og aðrir full-orðnir að virða það að neyta ekki áfengis eða annarra vímuefna þegar börn eru á staðnum. Í raun er það spurning um óafsalanleg réttindi þeirra til frelsis, hamingjuleitar og lífs. Frelsi hinna eldri má ekki verða helsi barna þeirra.

SÁÁ rekur sjúkrahús og meðferðarstofnanir sem hjálpa fólki að losna úr fjötrum áfengis og annarra vímuefna. Ríkið borgar hluta af kostnaðinum en til að geta sinn þörfinni þurfa samtökin að safna miklum fjármunum frá almenningi. Án fjáröflunar eins og álfasölu, sem nú er framundan í 26. skipti, þyrfti SÁÁ að loka sjúkrahúsinu Vogu 1. október ár hvert eða fækka um fjórðung þeim sjúklingum sem teknir eru inn á sjúkrahúsið.

### Saga Gríms og Álfur SÁÁ

Í þessu blaði er viðtal við Grím Atlason, framkvæmdastjóra Iceland Airwaves-tónlistarhátíðarinnar, sem segir frá því hvar hann var staddur þegar honum tókst að verða edru 24 ára gamall og hvernig líf hans er í dag. Lesið söguna hans. Hún er áhrifarík hetjusaga manns sem tókst að frelsa sjálfan sig og afkomendur sína undan þessum skæða sjúkdómi sem stefndi lífi hans í glötun og hafði hneppt ættingja hans í hlekki.

Frá því að Vogur tók til starfa hafa um 8.000 manns yngri en 25 ára lagst þar inn í svipuðum sporum og Grímur Atlason. Líkt og hann hafa flest unnið sigur, brotið af sér hlekkina og rofið vitahringinn. Önnur fundu ekki leiðina til baka og þeirra vegna einsetjum við okkur að halda áfram og gera betur. Álfasalan snýst um að vera til staðar fyrir það unga fólk sem í dag þarfnast meðferðar og hjálpar við að öðlast frelsi og byggja upp líf sitt.

*Kaupum Álfinn fyrir unga fólk. Takk fyrir að styðja SÁÁ, nú sem endanær.*

**Arnþór Jónsson**  
formaður SÁÁ



Sálfræðingarnir í Fjölskyldudeild SÁÁ, Ása Margrét Sigurjónsdóttir og Sigurrós Friðriksdóttir. Ása hefur starfað fyrir SÁÁ frá 2010. Sigurrós kom til starfa í byrjun mars en starfaði síðast sem sálfræðingur við skóla í þjónustumiðstöðinni Miðgarði og áður hjá Heilsuvernd. **Mynd/Spessi**

## Aukin sálfræðipjónusta, biðlisti styttest

Tveir sálfræðingar veita nú Sálfræðipjónustu barna hjá SÁÁ í stað eins áður. Sigurrós Friðriksdóttir sálfræðingur er komin til starfa við Fjölskyldudeild SÁÁ og vinnur þar við hlið Ásu Margrétar Sigurjónsdóttur, sem hefur haft umsjón með Sálfræðipjónustunni frá árinu 2010.

Nokkurra mánaða bið hefur verið eftir fyrsta viðtali hjá Sálfræðipjónustu barna hjá SÁÁ, en hún er ætluð 8-18 ára börnum sem eiga foreldra eða nána aðstandendur sem eru alkóhólistar. Nú þegar er biðlistinn farinn að styttest eftir að tveir sálfræðingar veita þjónustuna í stað Ásu Margrétar einnar.

Markmiðið með Sálfræðipjónustu barna hjá SÁÁ er að hjálpa þeim að skilja betur eigin aðstæður og aðstæður foreldranna og aðstoða þau við að greina á milli sjúkdómsins alkóhólisma og manneskjunnar sem þjáist af honum. Með því að aðstoða barnið við að rjúfa þann þagnarmúr og þá einangrun sem einkennir oft börn í þessum aðstæðum er hægt að bæta líðan og velferð barnsins og auðvelda því að vinna úr eigin tilfinningalegri vanlíðan um leið og það styrkir sjálfsmynd sína, eflir félagsfærni og áttar sig betur á stöðu foreldranna.

Eins og fyrr sagði er nokkurra mánaða bið eftir fyrsta viðtali en

þó er hægt að óska eftir forgangi fyrir börn sem búa við sérlega slæmar aðstæður eða sýna ein-kenni mikils kvíða eða hegðunarvanda sem ætla má að rekja megi beint til ástands á heimilinu. Hvert barn fær eitt viðtal í viku í átta vikur. Aðeins er greitt eitt gjald fyrir börn úr sama systkinahópi. Viðtalið kostar 3.000 krónur. Sálfræðipjónustan er að langmestu leyti fjármögguð með álfasölu og annarri fjáröflun SÁÁ en Reykjavíkurborg, eitt sveitarfélag í landinu, leggur verkefninu til lítinn hluta heildarkostnaðar, samkvæmt samningi sem SÁÁ hefur gert við Velferðarsvið borgarinnar.

## Stærsta og öflugasta fjáröflunarleið SÁÁ frá 1990

Álfasala SÁÁ er stærsta og öflugasta fjáröflunarleið samtakanna og hefur verið það frá 1990,“ segir Rúnar Freyr Gíslason, verkefnastjóri hjá SÁÁ. „Það er örugglega skritið að hugsa til þess að einhver Álfur sem maður kaupir á 2.000 kall geti í rauninni gert eitthvert gagn. En það er reyndis okkar, sem vinnum hjá SÁÁ, að álfurinn gerir heldur betur gagn því það safnast þegar saman kemur.“

„Gegnum árin hefur upphæðin sem safnast verið 30-40% af því fé sem SÁÁ þarf að leggja til svo að hægt sé að halda rekstri samtakanna gangandi,“ segir Rúnar.

„Sem betur fer virðast flestir eða allir landsmenn átta sig á mikilvægi SÁÁ. Því miður er það þannig að alkóhólismi snertir flestar eða allar fjölskyldur í landinu og fólk veit hvað SÁÁ getur gert fyrir þá sem eru í vandræðum. Þess vegna hvet ég alla til að taka þátt og leggja lið.“

Rúnar Freyr Gíslason, Jóhann Bjarnason, Þorkell Ragnarsson og Hilmar Kristensson eru önnur kafnir við að undirbúa álfasölu sem fer fram frá 6.-10. maí.

”

Ég kaupi Álfinn til að taka þátt í uppbyggingu komandi kynslóða.

Sigurrós Guðmundsdóttir

”

Af því ég trúi à kærleika og hjálpsemi ;)

Ragnar Erling Hermannsson

”

Af því ég elska svo marga alkóhólista.

Ásdís Olsen

”

Af því að Álfar eru kannski menn og ég væri alveg til í einn slíkan!

Rebeka Pálsdóttir

”

Að kaupa einn Álf breytir kannski ekki heiminum en molar eru líka brauð.

Hallgrímur Ólafsson







# Fattaði ekki að maður ætti ekki alltaf að vera með hnút í maganum

Grímur Atlason er framkvæmdastjóri Iceland Airwaves, fyrrverandi bæjarstjóri í tveimur sveitarfélögum, tónleikahaldari og þroskabjálfi. Hann drakk sig út úr menntaskóla og fór í þrjár heilar meðferðir og nokkrar innlagnir áður en hann varð edru 24 ára gamall.

**É**g fattaði það ekki fyrr en ég drakk fyrst brennivín að maður ætti ekki alltaf að vera með hnút í maganum. Fólkið mitt er mjög gott fólk en það er plagað af alkóhólisma. Ég ólst upp í þannig umhverfi að ég var alltaf stressaður. Æskan var full af árekstrum og það var ekki fyrr en ég kynntist vini mínum, áfenginu, að ég fékk ró í lífið. Þá var ég á tólfta ári. Allt í einu kom yfir mig þessi hugsun: 'Ég verð að drekka'. Ég hafði ekkert ætlað mér að drekka því ég hafði séð að áfengi gerði ekki góða hluti við fólk, en svona var þetta og ég drakk og ég fann áður óþekkta ró. Ég sótti strax mikið í þessa ró og fyrstu skiptin leið mér vel þegar ég drakk; varð rólegur og yfirvegaður, gat talað við fólk og verið hrókur alls fagnaðar. En það entist ekki lengi og fljótlega komu aukaverkanir áfengisins til sögunnar. Ég var efnilegur ungur maður en varð fljótt mikill drykkjumaður og drakk mig í minnisleysi, varð túrast-







”

**Mér fannst ég hafa fengið eitthvert svar við því hvað var að og ég fann að ég var ekki búinn að vera; þetta var ekki glötun heldur var til lausn. Það var mikið svar fyrir mig að fá að vita að ég væri alkóhólisti.**

rákur og fór að nota hvaða efni sem er. Ástandið varð fljótt hörmulegt.

#### Vaknaði upp inni á Vogu

Ég fór til geðlækna að leita svara við því hvað væri að mér en það var víst flókið; ég var svo ungur. Svo rann upp 11. apríl 1990. Það var nýbúið að reka mig úr menntaskóla. Ég var nítján ára og þegar maður er 19 ára á maður ekki að vera fullur í margar vikur. Þennan dag vaknaði ég á Vogu eftir nokkurra vikna rall. Þá hafði gott fólk, sem hafði miklar áhyggjur af mér, farið með mig til læknis. Læknirinn lét ekki flækjast fyrir sér hvað ég var ungur og sagði við mig: „Þú ert alkóhólisti“. Strax þetta kvöld var ég sendur í meðferð. Það var ótrúlegur léttir. Ég vaknað upp inni á Vogu. Sat fyrirlestur þar sem talað var um alkóhólisma og alkóhólisma og þá slaknaði aftur á mér, ég fann ró og leið vel. Mér fannst ég hafa fengið eitthvert svar við því hvað var að og ég fann að ég var ekki búinn að vera; þetta var ekki glötun heldur var til lausn. Það var mikið svar fyrir mig að fá að vita að ég væri alkóhólisti. Í framhaldinu af Vogu fór ég í meðferð á Sogni.

#### Rauf hringrásina

Eftir meðferðina fór ég að ná betri tökum á lífinu en það tók nokkur ár að verða alveg edru. Það gerðist þannig að eftir drykkju í febrúar 1995 bauðst mér að ljúka við vikingameðferð hjá SÁÁ. Þegar ég kláraði vikingameðferðina eftir að hafa mætt á göngudeildina í Síðumúla í hverri viku í eitt ár varð ég mjög glaður. Fram að því hafði ég ekki klárað margt en þetta tókst mér. Ég hafði farið í skóla og dottið úr skóla, farið í vinnu og dottið úr vinnu, en ég kláraði vikingameðferðina. Skömmu seinna kláraði ég skólann, varð þroskaþjálfari og í ágúst sama ár kláraði ég það að eignast barn án þess að vera fullur. Þetta gerðist allt árið 1995.

Meðferðin bjargaði mér en síðan hef ég þurft að byggja mig upp í anda þessarar meðferðar sem ég fór í og ég hef gert það með mikilli vinnu. Þessi króníski sjúkdómur, alkóhólismi, eyðileggur mikið og mikil vinna þarf að eiga sér stað. En hún hefur gefið mér það að í dag á ég þrjú börn, stjúpdóttur og barnabarn og ekkert af því fólki þekkir Grim Atlason drukkinn. Það finnst mér mikils virði. Þau hafa sterkara net í kringum sig heldur en ég átti og það eru betri líkur á að líf þeirra verði öðruvísi og betra en mitt líf var á þeirra aldri. Vegna þess að mér tókst að hætta að drekka rauf ég þessa hringrás sem hafði verið í gangi manni fram af manni. Ég er mjög þakklátur fyrir það.

#### Heppinn að hafa fæðst á Íslandi

Ég var búinn að vera mjög dómharður við fólk mitt meðan ég var í neyslu. Reynslan segir mér að maður er oft skilningsríkur gagnvart sjúkdómnum hjá ókunnugum en dómharður við fólk sitt. Þannig var ég. En ég er sjálfur alveg eins og þau og þarna var ég að fara að setja af stað annan svona hring. Það þótti mér skelfileg hugmynd og svo glötuð tilhugsun. Þess vegna gafst ég upp á þessu ástandi og fór að mæta og helga mig hlutum. Það þarf maður að gera ef maður er með þennan sjúkdóm og ætlar að taka ábyrgð á lífi sínu.

Í hvert skipti sem ég horfi til baka þakka ég líka fyrir hvað ég er heppinn að hafa fæðst á Íslandi en ekki í landi þar sem lítill sem enginn skilningur er á alkóhólisma. Þótt umhverfið á Íslandi sé ekki fullkomið er það allt annað og betra en víða. Á Íslandi er almennt umburðarlyndi og skilningur gagnvart þessum sjúkdómi og þess vegna umburðarlyndi gagnvart fólki sem tekur sig á. Fyrir það er ég þakklátur.

”

**Álfasalan er ein mikilvægasta fjáröflunarleið SÁÁ og við þurfum að standa þétt við bakið á samtökunum.**

Vala Matt

”

**Að kaupa hann ekki hjálpar engum en kaupin gætu gefið einhverjum gott líf.**

Arnar Jónsson

”

**Ég kaupi Álfinn því ég vil að SÁÁ sé og geti verið til staðar fyrir þá sem misst hafa tökin og eiga við fiknisjúkdóma að glíma og ekki síður fyrir aðstandendur þeirra. Við þurfum öll að standa saman.**

Katrín Eyjólfsdóttir

”

**Ég kaupi Álfinn því allir eiga skilið að fá annað tækifæri og stundum fleiri :)**

Kristrún Heiða





”

Ég kaupi Álfinn til að styrkja gott mál-efni sem stendur mér nærri.

Ingó Geirdal



”

Ég kaupi Álfinn af því að frá því að fjölskylda mín kynntist SÁÁ hefur allt farið batnandi.

Sóley Kristjánsdóttir



”

Af því að allir eiga skilið nýtt upphaf.

Kolbeinn Óttarsson Proppé



”

Ég vil styðja við þá starfsemi sem veitir og hefur veitt okkur Íslendingum þjónustu, þekkingu og unnið að forvörnum fyrir þá sem glíma á einn eða annan hátt við sjúkdóminn alkóhólisma og stutt við bakið á fjölskyldum þeirra.

Esther Sigurðardóttir



”

... nú eru um 20% af kostnaði við sjúkrarekstur samtakanna greidd með söfnunarfé ...

Ásgerður Th. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ, hefur starfað fyrir SÁÁ frá því að verið var að undirbúa fyrstu álfasöluna á skrifstofum samtakanna sem þá voru í Síðumúla. Það var 1989 og Ásgerður var að læra viðskiptafræði við Háskóla Íslands og réð sig í sumarvinnu við launaútreikning SÁÁ. Ári síðar var hún útskrifuð og var þá fastráðin við að sjá um bókhaldið og skipuleggja það frá grunni. Síðar varð hún skrifstofustjóri og hefur verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs frá árinu 2002. Um þessar mundir fer mikið af frítíma Ásgerðar í að vinna að meistararitgerð en hún hefur stundað nám í heilsuhagfræði við Háskóla Íslands samhliða vinnu síðustu misseri.

# Þjóðin vill styrkja okkur og kaupa Álfinn

Fyrsta álfasalan fór fram 1990, skömmu eftir að Ásgerður Th. Björnsdóttir, viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ, byrjaði að vinna í sumarafleysingum á skrifstofu samtakanna. Hún hefur fylgst með álfasölnunni og rekstri SÁÁ allar götur síðan.

**Á**lfasalan hefur verið öflugasta og traustasta fjáröflun SÁÁ frá upphafi,“ segir Ásgerður. „Það hefur komið okkur á óvart ár eftir ár hvað við höfum mikinn meðbyr. Þjóðin vill styrkja okkur með því að kaupa Álfinn. Það er ótrúlegt hvað margir eru alltaf tilbúnir að leggja hönd á plóg.“

Í maí á hverju ári setur álfasalan svip sinn á starfsemi SÁÁ. „Álfasalan er mjög skemmtilegur tími í starfinu,“ segir Ásgerður. „Það bætast margir í hópinn á þessum tíma, því margir vilja taka þátt, bæði starfsfólk, félagsmenn í samtökunum og fólk utan samtakanna. Það er mikil stemmning, langur vinnudagur og allir eru glaðir og kátir. Fyrir sölufólk eru þetta uppgrip því við greiðum góð sölulaun. Það er mikið um að íþróttafélög og alls konar hópar noti álfasölnuna sem fjáröflun fyrir utanlandsferðir og ýmis konar verkefni og góð málefni. Að stórum hluta vinnur sama sölufólkið með okkur ár eftir ár. Þetta er mikill álagstími hér á skrifstofunni og allir leggja mikið á sig, ekki síst okkar fasta starfsfólk, sem bætir á sig verkefnum og vinnutíma meðan álfasalan stendur yfir.“

## Álfurinn fyrir unga fólk

Síðustu ár hefur álfasalan verið tileinkuð starfi SÁÁ í þágu barna og unglinga undir kjörorðinu Álfurinn fyrir unga fólk. SÁÁ heldur úti margvíslegri starfsemi fyrir ungt fólk. Ellefu sjúkrarúm af um 60 rúmum á Vogli eru á unglingsdeild. Þangað leita að jafnaði 2-300 sjúklingar undir tvítugu á hverju ári.

Einnig má nefna sálfræðiþjónustu fyrir börn. Sú



Þjónusta er að langmestu leyti fjármögnuð af fé samtakanna en borgin styrkir þjónustuna að hluta. Um 900 börn á aldrinum 8-18 ára sem eiga áfengis- og vímuefnasjúklinga fyrir foreldra hafa fengið sálfræðiþjónustu frá árinu 2008. Önnur starfsemi fjölskyldudeildar SÁÁ er líka fjármögnuð að af samtökunum með söfnunarfé. Þar er til dæmis um að ræða fjölskyldumeðferð og fræðslu fyrir aðstandendur áfengis- og vímuefnasjúklinga, bæði foreldra, maka og fullorðin börn. Í boði eru námskeið, einstaklingsviðtöl og stuðningshópar sem fjölmargir nýta sér.

Frá árinu 1996 hefur SÁÁ látið 2,6 milljarða króna, á verðlagi þessa árs, renna í sjúkrarekstur sinn, segir Ásgerður. Þetta eru peningar sem safnað hefur verið með Álfasölu, félagsgjöldum og öðrum fjáröflunarverkefnum á vegum samtakanna.

„Þarna er um að ræða niðurgreiðslu samtakanna á lögbundinni heilbrigðisþjónustu, það er ekkert flókið,“ segir hún. „Þessir peningar greiða fyrir meðferð sjúklinga. Meðan ríkið hefur jafnt og þétt skorið niður framlög, sérstaklega eftir hrun, hefur það fallið á SÁÁ að greiða stærra og stærra hluta af kostnaðinum svo að hægt sé að halda uppi allri þeirri þjónustu sem hægt er. Vegna okkar fjáröflunarstarfs og þess mikla stuðnings sem við njótum höfum við verið þeirrar gæfu aðnjótandi að geta gert það.“

**Álfurinn er ómissandi fyrir SÁÁ**  
Fjáröflun eins og álfasalan er ómissandi þáttur í rekstri SÁÁ og nú eru um 20% af kostnaði við sjúkrarekstur samtakanna greidd með söfnunarfé. Þjónustusamningur við ríkið tryggir greiðslu fyrir fyrir 1.530 innlagnir á



Nokkur fyrirtæki styrkja SÁÁ með óvenjulega rausnarlegum hætti í tengslum við Álfasölu. Landsvirkjun er eitt þeirra. SÁÁ lét framleiða nokkra Ofur-Álfa fyrir þess styrktaraðila og tók Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, við fyrsta Ofur-Álfinum úr hendi Ásgerðar Björnsdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs SÁÁ og Arnþórs Jónssonar, formanns SÁÁ.

Vog á hverju ári. Innlagnirnar eru hins vegar um 2.000 ár hvert. Allt umfram 1.530 innlagnir greiðist af söfnunarfé samtakanna. Segja má að það jafngildi því að ríkið greiði rekstur Vogs fyrstu níu mánuði hvers árs en frá 1. október og fram til áramóta sé Vogur rekinn í boði þeirra sem

kaupa Álfinn og annarra velunnara SÁÁ. Síðustu ár hefur ríkið einnig gert kröfu um að sjúklingar á Vík og Staðarfelli greiði tiltekna fjárhæð í fæðis- og húsnæðiskostnað. Samtökin hafa greitt hlut fátækra sjúklinga af söfnunarfé þannig að enginn þurfi að neita sér um meðferð vegna

þess að hann hafi ekki efni á að greiða fæðis- og húsnæðiskostnað.

#### SÁÁ í fararbroddi í árangursmælingum

Alls var meðgjöfin af söfnunarfé inn í sjúkrareksturinn 250 milljónir króna á árinu 2014. Ríkisendurskoð-

un endurskoðar árleg reikningskil samtakanna án athugasemda. Einnig hefur nýlega komið fram hjá landlækni að SÁÁ sé í fararbroddi íslenskra heilbrigðisstofnana hvað varðar það að vinna í samræmi við gæðamarkmið og stunda mælingar á árangri af starfseminni.

”

**... ríkið greiði rekstur Vogs fyrstu níu mánuði hvers árs en frá 1. október og fram til áramóta sé Vogur rekinn í boði þeirra sem kaupa Álfinn og annarra velunnara SÁÁ.**



INGÖNGU SÉRVALIÐ HRÁEFNI

# PREMIUM

## PIZZUR

Prófaðu Premium pizzurnar okkar, þær gera góðan matseðil okkar enn fjölbreyttari.

NÝTT

AMERICANA ★



Samsett af

Hrefnu Sætran

MEAT DELIGHT ★



ELDÓRADÓ ★



PRIMA ★



Samsett af

Hrefnu Sætran

WWW.DOMINOS.IS

DOMINO'S APP

SÍMI 58 12345





# Á GRÆNNI LEIÐ MILLI HEIMSÁLFA

Með grænu leiðinni eykur Eimskip tíðni siglinga milli Norður-Ameríku, Kanada, Nýfundnaland og Evrópu.

Með nýju og breyttu siglingakerfi tryggir Eimskip enn frekar áreiðanleika þjónustunnar og kemur til móts við óskir viðskiptavina sinna um óslitna flutningskeðju. Með nýju siglingakerfi eykst tíðni ferða milli Evrópu og Norður-Ameríku um allt að fimm ferðir á ári.

